

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

Við 2. tl. 2. gr. kemur nýr stafliður, er hljóðar svo:
„i. Truflun á hormónaframleiðslu eggjastokka, vegna brotnáms eða geislameðferðar á þá.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

4. febrúar 1987

Nr. 51

REGLUGERÐ

um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyþtra fiskiskipa.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa til íslenskra fiskiskipa, koma aðeins til greina þau fiskiskip, sem leyfi fengu á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, ennfremur ný og nýkeypt skip, hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri.

2. gr.


Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr. og gildir eftirfarandi regla:

Margfeldi hönnunarmálanna; lóðlínulengdar, mótaðrar breiddar og mótaðrar dýptar að neðra þilfari hins nýja skips má ekki vera yfir 33% meira en margfeldi sömu stærða skips þess, er hverfur úr rekstri.


Við útreikning samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands. Við útreikning vegna skipa, sem hverfa úr rekstri, skal miða við stærðir þeirra 1. janúar 1986.

3. gr.

Lóðlínulengd samkvæmt 2. gr. er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína, er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.



Pversnið skipsgrindarinnar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.



Mótuð breidd samkvæmt 2. gr. er mesta breidd á miðbandi, það er mesta utanmál skips, að fráðregnum byrðingi.

Mótuð dýpt samkvæmt 2. gr. er lóðrétt fjarlægð frá neðsta punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Heimilt er að meta sérstaklega, ef lögun skipsbolsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar miklum vandkvæðum er bundið að finna ofangreind mál fyrir minnstu tréskipin.

4. gr.

Eigi reglur 1.—3. gr. ekki við, vegna þess að nýtt eða nýkeypt skip er annarrar gerðar en skip það er hverfur úr rekstri, skal ráðuneytið meta afkastagetu og aflamöguleika skipanna sérstaklega. Sama gildir hverfi tvö skip úr rekstri fyrir eitt eða komi tvö skip í stað eins skips.

5. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Hið eldra skip hafi endanlega verið strikað út ef fiskiskipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eftir 1. janúar 1985.
2. Skip það, sem strikað er út af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins, hafi a.m.k. síðustu tólf mánuði fyrir útstrikun af skipaskrá verið í þinglýstri eigu og rekstri þeirra aðila, sem hið nýja skip eiga. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu að fenginni umsögn Fiskveiðasjóðs Íslands.

6. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal hinu nýja skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum sem hið eldra skip hefði fengið, enda fullnægi hið nýja skip þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

7. gr.

Óheimilt er, án sérstaks leyfis ráðuneytisins, að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi fá fyrst eftir 1. janúar 1986 þannig að stærðir þeirra sbr. 2. mgr. 2. gr. aukist. Veiti ráðuneytið slík leyfi skal það gert með því skilyrði, að veiðiréttindi þeirra aukist ekki.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka aðeins til skipa sem eru 10 brl. eða stærri. Aldrei er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi 10 brl. eða stærra veiðileyfi í stað báts eða báta, sem eru minni en 10 brl.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar getur ráðuneytið beitt eldri starfsreglum við mat á því, hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr., enda hafi ráðuneytinu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar borist beiðni um veiðileyfi fyrir nýtt eða nýkeypt skip eða Fiskveiðasjóði Íslands umsókn um lán vegna kaupa eða smíði á nýju skipi. Umsóknum um veiðileyfi eða lán skulu fylgja samningar um kaup eða smíði, fyrirkomulags- og útlitsteikningar ásamt smíðalýsingu, ef um nýsmíði er að ræða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 1987.

Halldór Ásgrímsson.

Arni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278, 1. júlí 1979, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 628/1981, reglugerð nr. 213/1985 og reglugerð nr. 98/1986.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 1. greinar reglugerðarinnar komi eftirfarandi málsgreinar:

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá er að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu, verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá.

Skipið sem strikað er út, verður umsækjandi að hafa átt og rekið í a.m.k. 1 ár áður en umsókn berst. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu að fenginni umsögn sjávarútvegsráðuneytis.

Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár.